

**Nd. 170. Frumvarp til laga [93. mál]**

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. des.)

1. gr.

IV. töluliður 11. gr. laga nr. 45 1950 orðist svo:

Jarðrækt:

Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar (þar á meðal vegna kalskemmda) kr. 200.00 pr. ha.

2. gr.

Á eftir orðinu „jarðræktar“ í 2. efnismálsgr. 6. gr. laga nr. 29 1955 komi: (þar á meðal vegna kalskemmda).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.